

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 92/99/EBE**

frá 17. nóvember 1992

**um breytingu á viðaukum við tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fóðri**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.  
nóvember 1970 um aukefni í fóðri <sup>(1)</sup>, eins og henni  
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar  
92/64/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka hennar verði breytt með hliðsjón af framförum á sviði vísinda- og tækniþekkingar. Viðaukarnir voru sameinaðir með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Rannsóknnum á ýmsum aukefnum sem skráð eru í II. viðauka, en þar með má heimila þau innanlands, er ekki enn lokið. Því ber að lengja þann tíma sem heimilt er að nota þessi efni um tiltekinn tíma.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*1. gr.*

II. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*2. gr.*

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

*3. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 1992.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ray MAC SHARRY

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB No L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB No L 221, 6. 8. 1992, bls. 51.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB No L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

## VIÐAUKI

1. Í A-hluta „Sýklalyf“:
    - 1.1. í 22. lið „Avóparsín“ breytist dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ og verður:
      - „7. 4. 1993“ fyrir dýrategundina „Lömb frá byrjun jórturs að undanteknum lömbum á beit“, og
      - „30. 11. 1993“ fyrir dýrategundina „Mjólkurkýr“;
    - 1.2. í 28. lið „Avflamísín“ breytist dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ og verður:
      - í hvert sinn fyrir „30. 3. 1993“ fyrir dýrategundina „Mjólkurgrísir“ og „Svín“, og
      - fyrir „30. 11. 1993“ fyrir dýrategundina „Alikjúklingar“;
    - 1.3. í 29. lið „Efrótómísín“ breytist dagsetningin „30. 11. 1992“ í dálknum „Gildistími heimildar“ og verður í hvert sinn „30. 11. 1993“ fyrir dýrategundina „Mjólkurgrísir“ og „Svín“.
  2. Í D-hluta „Sýklalyf og önnur lyf“:
    - 2.1. í 21. lið „Madúramísínammóníum“ breytist dagsetningin „30. 11. 1992“ og verður „30. 3. 1993“;
    - 2.2. í 22. lið „Róbenfín“, 23. lið „Narasín/Níkarbasín“ og 24. lið „Díklasúrfl“ breytist dagsetningin „30. 11. 1992“ og verður í hvert sinn „30. 11. 1993“.
  3. Í L-hluta „Bindiefni, kekkjavarnar- og storkuefni“ breytist dagsetning „30. 11. 1991“ í dálknum „Gildistími heimildar“ og verður „30. 11. 1993“ fyrir dýrategundina „Alifuglar, kanínur og svín“.
-